

Fylgiskjal 6.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 162/2003

frá 30. janúar 2003

um að leyfa aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í aaa-lið 2. gr. tilskipunar 70/524/EBE skulu leyfi fyrir því að setja hníslalyf í dreifingu tengd þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á því að setja þau í dreifingu. Heimilt er að veita slík leyfi fyrir tíu ára tímabil ef öll skilyrði, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í þeirri tilskipun, eru uppfyllt.
- 2) Mat á leyfisumsókn, sem lögð er fram að því er varðar hníslalyfjablönduna sem lýst er í viðaukanum við þessa reglugerð, sýnir að skilyrði 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt. Þar af leiðandi er óhætt að leyfa hníslalyfjablönduna og tilgreina hana í I. kafla skrárinnar yfir leyfð aukefni í fódri sem um getur í b-lið 9. gr. í þeirri tilskipun.

3) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi og hagstæð áhrif hníslalyfjablöndunnar á búfjárframleiðslu samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa aukefnið, sem tilheyrir flokknun „hníslalyf og önnur lyf“ og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

VIÐAUKI

Skráningar- númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	mg virks efnis/kg		Ómnur ákvaði	Leyfi rennur út
						Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald		
Hinslaílf og ómnur lyf E 771	Janssen Animal Health BVBA	Diklasúrílf 0,5 g/100 g (Climacox 0,5% Premix) Diklasúrílf 0,2 g/100 g (Climacox 0,2% Premix)	Samsetning aukefnis: Diklasúrílf: 0,5 g/100 g Sojamjöl: 99,25 g/100 g Fjölvíðón K 30: 0,2 g/100 g Natriumhýdroxíð: 0,0538 g/100 g Diklasúrílf: 0,2 g/100 g Sojamjöl: 39,7 g/100 g Fjölvíðón K 30: 0,08 g/100 g Natriumhýdroxíð: 0,0215 g/100 g Hveitifóðurmjöl: 60 g/100 g Virkt efni: Diklasúrílf, C ₁₇ H ₆ Cl ₃ N ₄ O ₂ (±)4-klórfeñyl[2,6-diklór-4-(2,3,4,5- tetrahyðró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2- ýl)feñyl]asetónítrílf CAS-númer: 101831-37-2 Skýld óhreinindi: níðurbrotsefni (R064318): ≤ 0,2% ómnur skýld óhreinindi (R066891, R066896, R068610, R070156, R068584, R070016): ≤ 0,5% hvert um sig Óhreinindi samtals: ≤ 1,5%	Kjúklingar, aldir sem verðandi varphænur	16 vikur	1	1	—	20.1.2013